

Svar

innanríkisráðherra við fyrirspurn frá Sigríði Ingibjörgu Ingadóttur um námskeið og þjálfun lögreglumanna erlendis.

Í tilefni af fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins.

1. *Hversu margir lögreglumenn hafa verið sendir á námskeið og í þjálfun til annarra landa sl. 10 ár?*

Í umsögn embættis ríkislögreglustjóra, dags. 26. janúar 2016, kemur fram að 439 lögreglumenn hafi verið sendir til útlanda á námskeið og til þjálfunar á umræddu tímabili samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum frá lögregluembættum landsins. Í umsögn Lögregluskóla ríkisins, dags. 9. febrúar 2016, kemur fram að sex starfsmenn skólans, sem allir eru lögreglumenn, hafi sótt mismunandi námskeið og þjálfun erlendis á sama tímabili.

2. *Til hvaða landa hafa lögreglumenn sótt námskeið og þjálfun á fyrrgreindu árabili?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra hafa lögreglumenn sótt námskeið og þjálfun til eftirfarandi landa:

Austurríkis,	Írlands,	Póllands,
Bandaríkjanna,	Ítalíu,	Rúmeníu,
Belgíu,	Króatíu,	Rússlands,
Bretlands,	Kýpur,	Skotlands,
Brasilíu,	Lettlands,	Slóveníu,
Búlgaríu,	Litháens,	Spánar,
Danmerkur,	Kanada,	Sviss,
Eistlands,	Mónakós,	Svíþjóðar,
Finnlands,	Möltu,	Tékklands,
Frakklands,	Noregs,	Ungverjalands,
Grikklands,	Portúgals,	Þýskalands.
Hollands,		

Þá hafa starfsmenn Lögregluskóla ríkisins verið sendir til eftirfarandi landa:

Austurríkis,	Finnlands,	Spánar,
Bretlands,	Frakklands,	Svíþjóðar,
Danmerkur,	Noregs,	Þýskalands.
Eistlands,	Portúgals,	

3. *Er með þessum ferðum um reglubundna þjálfun þeirra að ræða?*

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra og Lögregluskóla ríkisins er ekki um reglubundna þjálfun að ræða.

4. *Hver er tilgangur ferðanna og hver greiðir kostnaðinn?*

Í umsögn embættis ríkislögreglustjóra kemur fram að tilgangur ferða hafi verið þjálfun og fræðsla fyrir lögreglumenn í tengslum við verkefni sem þeir hafa með höndum og þar með að auka við þekkingu þeirra í ljósi nýjustu tækni og aðferða hverju sinni. Þannig sé um að ræða námskeið og þjálfun m.a. vegna alþjóðasamskipta lögreglu, t.d. námskeið á vegum FRONTX um landamæravörslu, málefni flóttafólks og notkun á gagnagrunnum. Þá hafi ýmis námskeið á vegum EUROPOL, INTERPOL og FBI verið sótt. Einnig hafi verið sótt námskeið varðandi heimilisofbeldi, skólaskotárásir, hefndarglæpi, tölvurannsóknir, fjármála-greiningar, rannsóknir spillingarmála og skipulegrar glæpastarfsemi auk endurheimts ólög-mæts ávinnings af brotastarfsemi. Þá hafi verið sótt þjálfun vegna svokallaðra ID-mála, þ.e. til að bera kennsl á óþekktanleg lík, þjálfun vegna dulkóðunarkerfa og sprengju- og fíknifnaleitarhunda. Eins hafi verið sótt námskeið er varða yfirheyrsluaðferðir, þ.m.t. yfirheyrslur grunaðra einstaklinga í kynferðisbrotum, auk námskeiða í skýrslutökum af viðkvæmum vitnum, þ.e. börnum, einstaklingum með þroskaskerðingu o.fl. Að lokum kemur fram í umsögninni að sótt hafi verið námskeið er lúta að þjálfun vegna almannavarna, geislavár, aðgerðastjórnunar og hamfarastjórnunar, aðallega á vettvangi norræns og evrópsks samstarfs í almannavarnamálum.

Í umsögn Lögregluskóla ríkisins kemur fram að tilgangur ferðanna sé að kynnast nýjungum í löggæslu annars staðar á Norðurlöndum og í Evrópu með það fyrir augum að læra að beita nýju verklagi í hinum ýmsu málaflökkum sem lúta að kennslu í lögregluskólanum.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra er kostnaður við umræddar ferðir að mestu leyti greiddur af viðkomandi lögregluembættunum. Boð um námskeið eða fræðslu fólu í einhverjum tilfellum í sér styrki sem dugðu fyrir hluta kostnaðar, t.d. kostnaði við ferðir á námskeiðsstað og námskeiðsgjöldum en í þeim tilvikum var kostnaður við uppihald greiddur af viðkomandi lögregluembætti. Í sumum tilvikum voru styrkir sóttir til starfsmenntunarsjóðs Landssambands lögreglumanna, STALL, en auk þess hafa eftirtaldir aðilar tekið þátt í kostnaði: FRONTX, CEPOL, Evrópusambandið, Norræna ráðherranefndin og sveitarfélög.

Samkvæmt upplýsingum frá Lögregluskóla ríkisins hefur kostnaðurinn í flestum tilvikum verið greiddur af skólanum sjálfum.